

um Jafnlaunaráð.

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. apríl.)

1. gr.

Konum og körlum skulu greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og að öðru leyti sambærileg störf.

2. gr.

Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði. Gildir þetta ekki aðeins um launagreiðslur, heldur um hvers konar greinarmun, útilokun eða forrættindi vegna kynferðis. Óheimilt er að skerða jafnrétti kynjanna til atvinnuráðningar og skipunar í starfi, hlunninda, vinnuskilyrða og hækkunar í starfi.

3. gr.

Setja skal á stofn Jafnlaunaráð. Hefur það aðsetur í Reykjavík, og er starfs svið þess landið allt.

Jafnlaunaráð skal skipað 5 mönnum til þriggja ára í senn, og skulu þeir ásamt varamönnum skipaðir þannig: einn skipaður af Hæstarétti og er hann formaður ráðsins og skal hafa lokið embættisprófi í lögum, einn skipaður af félagsmálaráðherra að fengnum tillögum Námsbrautar í almennum þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands, einn skipaður af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn skipaður af Alþýðusambandi Íslands og einn skipaður af Vinnuveitendasambandi Íslands.

Kostnaður við Jafnlaunaráð greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Verkefni Jafnlaunaráðs er að:

1. Vera ráðgjafandi gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og félögum í málefnum, er varða jafnrétti með konum og körlum í kjaramálum og við ráðningu eða skipun til starfs.
2. Fylgjast með þjóðfélagsþróuninni, sem varðar þetta lagaefni, og gera tillögur til breytinga til samræmis við tilgang þessara laga.
3. Stuðla að góðri samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks svo og aðra þá aðila, sem kjaramál snerta, svo að stefnu og markmiði laga þessara verði náð með sem eðlilegustum hætti.
4. Taka til rannsóknar af sjálfsdáðum, hver brögð kunna að vera að misrétti í kjaramálum að því leyti, er lög þessi varðar. Opinberum stofnunum svo og félagssamtökum á vinnumarkaði er skylt að veita Jafnlaunaráði hvers konar upplýsingar hér að lútandi.
5. Taka við ábendingum um brot á ákvæðum laga þessara og rannsaka málið af því tilefni og senda að rannsókn lokinni málsskjöl til þeirra aðila, sem málið snertir.

5. gr.

Nú telur Jafnlaunaráð, að starfskjör tiltekins starfsmanns fari í bága við fyrir mæli 1. og 2. gr., og beinir þá ráðið rökstuddum tilmælum um ákveðnar breytingar á starfskjörum til viðkomandi atvinnurekanda.

Fallist atvinnurekandinn ekki á tilmæli ráðsins, er ráðinu heimilt, í samráði við starfsmanninn, að höfða mál í umboði hans til viðurkenningar á rétti hans.

6. gr.

Þegar héraðsdómari fer með mál út af brotum á lögum þessum, kveður hann til tvo meðdómendur úr hópi 24 manna, sem félagsmálaráðherra tilnefdir. Skulu þeir tilnefndir til fjögurra ára.

Meðdómendur skulu vera lögráða.

Tilnefna skal öðrum fremur menn, sem hafa viðtæka þekkingu á kjaramálum launþega og jafnréttismálum. Taka skal tillit til búsetu þannig, að nægilega margir meðdómendur séu tiltækir í hverjum landshluta.

Þegar sérstaklega stendur á, getur dómari nefnt í dóm aðra en þá, sem ráðherra hefur tilnefnt.

7. gr.

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga í reglugerð, að fengnum tillögum Jafnlaunaráðs.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.